



# vinnan.is

VEFRIT ALÞYÐUSAMBANDS ÍSLANDS

1. tbl. 3. árg. 20. jan. 2005



**Undanfarið hafa komið upp nokkur mál þar sem framganga tiltekinnna atvinnurekenda hefur vegið að stoðum íslensks vinnumarkaðar og þeirri sátt sem um vinnu- markaðinn og þau samskipti sem þar hafa ríkt.**

Málefni Brims í tengslum við Sólbaksmálið eru í fersku minni. Stærri í sniðum eru þó málefni sem tengjast ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo við Kárahnjúka. Fyrirtækið hefur nú sótt um atvinnuleyfi fyrir mikinn fjölda verkafólks frá Kína og fleiri Asíulöndum. Þessi mál hafa gengið fram með þeim hætti að þau varða vinnu- markaðinn og íslenskt samfélag í heild. Þau varða kjör og réttindi launafólks og reglur og venjur sem hafa mótast í samskiptum og samstarfi aðila vinnu- markaðarins og stjórnvalda undanfarin ár og áratugi. Þessi átök ganga gegn þeirri sátt sem hér hefur ríkt. Alþýðusambandið lítur á það sem sína megin skyldu að verja og tryggja kjör og réttindi launafólks. Raunar er það sameiginleg skylda aðila vinnumarkaðarins. Skyldur stjórnvalda eru jafnframt miklar við að verja þann árangur sem náðst hefur og sáttina um vinnumarkaðinn. Þessi sátt byggir á ákveðnum sveigjanleika, en auk þess traustum réttindum og velferð launafólks.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson



## Auglýst til málamynda

Samskipti við ítalska verktakafyrirtækið hafa frá upphafi verið með öðrum hætti en við eigum að venjast á íslenskum vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin hlýtur að gera sömu kröfu til Impregilo og annarra fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði, innlendra og erlendra. Við hljótum að gera þá kröfu að fyrirtæki virði kjarasamninga, lög og reglur, þau viðmið og þær samskiptareglur sem gilda.

Ábyrgðin er ekki aðeins verkalýðshreyfingarinnar. Samtök atvinnurekenda og stjórnvöld hafa líka ríka ábyrgð. Impregilo hefur gengið gegn þeim viðmiðum og reglum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Það er ljóst að fyrirtækið hefur aldrei ætlað að byggja á íslenskum starfsmönnum sem gerst og best þekkja þær reglur sem hér gilda. Impregilo hefur í reynd hafnað því að ráða til starfa Norðurlandabúa sem sótt hafa um störf hjá fyrirtækinu og eru vanir hliðstæðum kjörum og hér gilda. Þess í stað hefur fyrirtækið reitt sig á starfsmenn sem koma frá löndum Evrópu þar sem vinnumarkaðurinn er vanþróaðastur og réttindi launafólks byggja á litlum hefðum. Þá hefur fyrirtækið í vaxandi mæli á síðustu mánuðum sóst eftir starfsmönnum frá löndum utan Evrópu, einkum frá Kína og öðrum löndum Asíu þar sem réttindi og staða verkafólks er með því lakasta sem gerist í heiminum og mannréttindi þess fótum troðin. Mikill fjöldi atvinnuleyfa hefur þegar verið veittur á þessum grunni, þrátt fyrir andstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Með umsóknum sínum um atvinnuleyfi vegna stórra hópa verkamanna, einkum frá Kína nú í desember, gengur fyrirtækið enn lengra og færir málið á nýtt og enn alvarlegra stig. Nú á að skipta út Evrópubúum sem starfað hafa á Kárahnjúkum fyrir verkafólk frá vanþróuðustu vinnuörkuðum heims.

Fyrirtækið hefur ítrekað sýnt, að það hefur lítinn áhuga á því að hafa samskipti við verkalýðshreyfingu- na og hefur viljað haga málum gagnvart launafólki eftir sínu höfði. Uppákoman á Alþingi nýverið, þegar fulltrúar fyrirtækisins neituðu að ræða við

félagsmálanefnd Alþingis á sama fundi og fulltrúar Alþýðusambandsins er bara eitt dæmið. Þeir vissu sem var, að þá gætu þeir ekki boðið upp á þá útgáfu af veruleikanum sem þeir hafa reynt að telja fólk trú um að væri hin sanna.

### Umsóknir um atvinnuleyfi

Fyrirtækið hefur nýlega sótt um atvinnuleyfi fyrir um 150 verkamenn, flesta frá Kína. Jafnframt hefur verið boðað að sótt verði um atvinnuleyfi fyrir annan eins fjölda á næstunni. Framlagðar umsóknir eru til umfjöllunar hjá Vinnuálastofnun, en forstjóri stofnunarinnar hefur látið hafa eftir sér að sérstök flýtimeðferð sé til skoðunar vegna umsókna um atvinnuleyfi fyrir 54 „lykilstarfsmenn“, sérhæfða verka- og tækjamenn.

Alþýðusambandið hefur bent á að slíkur fjöldi umsókna vekir margar spurningar og álitafni sem nauðsynlegt sé að fjalla um áður en rokið verði til. Það verði að liggja fyrir með óbyggjandi hætti, að þessar umsóknir og meðferð þeirra uppfylli þau lög og reglur sem gilda um veitingu atvinnuleyfa. Jafnframt þurfi að vera ótrívætt að fyrir veitingu atvinnuleyfanna séu full rök. Það er því ljóst að ábyrgð opinberra aðila, ríkisstjórnar og ýmissa stofnana, er mikil.

Alþýðusambandið óskaði eftir fundi með félags- málaráðherra vegna málsins. Hann var haldinn þann 4. janúar sl. Þar óskaði ráðherra eftir því að ASÍ skilaði greinargerð um málið og svaraði ýmsum spurningum sem ráðherra setti fram á fundinum. Þessari greinargerð var skilað þann 10. janúar sl. Þar er farið ítarlega yfir umsóknir Impregilo og stefnu stjórnvalda varðandi veitingu atvinnuleyfa og málefna vinnu- markaðarins. Ljóst er að niðurstaðan getur haft víðtæk og alvarleg áhrif á íslenskan vinnumarkað og þær reglur og samskipti sem þar gilda.

[Sjá greinargerðina í heild](#)

# Stenst ekki lög

Lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga fjalla um reglur varðandi heimild til útgáfu atvinnuleyfa og grundvöll hennar. Þau kveða á um heimild en ekki skyldu til að veita atvinnuleyfi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Jafnframt er heimilt að binda leyfisveitingar skilyrðum öðrum en þeim sem fram koma í lögnum, skilyrðum sem ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Þessar viðtæku heimildir hafa stjórnvöld nýtt sér með ýmsum hætti á undangengnum árum m.a. hvað varðar takmörkun á fjölda atvinnuleyfa, tímalengd þeirra og ýmis skilyrði sem stjórnvöld hafa krafist að umsóknir uppfylltu, umfram það sem löginn kveða á um með beinum hætti.

Í lögnum um atvinnuréttindi útlendinga eru margvísleg skilyrði fyrir því að veita megi tímabundið leyfi til að ráða útlending til starfa. Þar má nefna það ákvæði að það skuli ekki gert nema kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands og að atvinnuvegi skorti vinnuafli. Áður en leyfi er veitt, skal atvinnurekandi hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema Vinnumálastofnun kveði upp úr um að slík leit muni ekki bera árangur. Þan 7. janúar voru tæplega 4.800 einstaklingar skráðir atvinnulausir hjá svæðisvinnumiðlunum. Þessi störf voru auglýst einu sinni í dagblöðum – þann 29. desember og hæpið að þeim sem ætla mætti að gætu sinnt þessum störfum hafi öllum verið boðið starf. Í auglýsingunni 29. desember var kveðið á um að viðkomandi hefðu a.m.k. þriggja ára reynslu af sambærilegum



störfum, en þetta er afar óvenjulegt og gefur tilefni til að ætla að með þessu hafi forsvarmenn fyrirtækisins ætlað að tryggja að Íslendingar væru ekki gjaldgengir í þessi störf.

Vitað er um allmarga Íslendinga sem hafa sótt um störf hjá fyrirtækinu – bæði að undanfögnu og á fyrri stigum framkvæmda. Þessum umsóknum hefur mörgum ekki verið sinnt eða þeim hefur verið hafnað án málefnalega sjónarmiða.

## Heilbrigðisvottorð og starfsréttindi

Í lögnum er kveðið á um að einungis megi veita atvinnuleyfi ef lagt hefur verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Alþýðusambandið hefur um langt skeið gagnrýnt hversu illa þessum ákvæðum hefur verið framfylgt og það hefur ekki verið uppfyllt í þessu tilviki, samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Í auglýsingunni frá 29. desember er óskað eftir tækjamönnum, byggingamönnum, rafvirkjum og starfsfólki til þjónustustarfa við Kárahnjúka. Það er því um að ræða störf sem í flestum tilvikum krefjast ákveðinna fagréttinda í samræmi við íslensk lög og reglur, svo sem iðnréttindi, vinnuvélaréttindi og meirapróf. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Alþýðusambandið hefur, uppfylla þeir erlendu starfsmenn sem Impregilo sækir nú um atvinnuleyfi fyrir, ekki framangreindar kröfur.



## Brýtur gegn alþjóðlegum skuldbindingum

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og þar með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja hefur íslensku launafólki verið tryggður réttur til að starfa hvar sem er á svæðinu, með sömu réttindum og skyldum og öðru launafólki. Á sama hátt hafa Íslendingar og íslensk stjórnvöld undirgengist ýmsar skyldur sem miða að því að gera þennan sameiginlega vinnumarkað að raunveruleika og tryggja að hann sé virkur í reynd. Í þessu felst m.a. að borgarar annarra aðildarríkja EES, sem eiga fulla aðild að sameiginlega vinnumarkaðinum, njóti sömu réttinda og hafi sömu skyldur á íslenskum vinnumarkaði og Íslendingar.

Lögin um atvinnuréttindi útlendinga ber að framkvæma í samræmi við þessar skuldbindingar. Þetta felur m.a. í sér, að skrá verður störf eins og þau sem Impregilo leitar eftir starfsfólki í, í sérstakan gagnagrunn, EURES, sem nær til allra EES ríkjanna.

### Mikilvægar spurningar

Alþýðusambandið hefur sett fram fjórar lykilspurningar í sambandi við þessi atriði:

**1. Ber að auglýsa þau störf sem Impregilo hefur sótt um atvinnuleyfi vegna á EURES vinnumiðlunarvefnum?**

Samkvæmt skuldbindingum í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (og afleiddri löggjöf) og stækkunar-samningnum vegna EES er ótvírætt að svo ber að gera.

**2. Hafa framangreind störf verið auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu?**

Auglýsing hefur nú birst á EURES vefnum og gerðist það á tímabilinu 5. – 7. janúar sl. (í auglýsingunni segir 27. desember 2004, en það fær ekki staðist, en þá var hún væntanlega send til birtingar).

**3. Telst sú auglýsing sem Impregilo hefur sent á EURES vefinn vera eðlileg og fullnægjandi?**

Auglýsingin er mjög sérkennileg og um margt þannig að ætla má að um hreinan málamyndagerning sé að ræða. Sett eru skilyrði um að viðkomandi hafi víðeigandi réttindi og skírteini, sé við góða heilsu og tilbúinn að búa og starfa á afskekktum stað þar sem ríki heimskaútaveður. Viðkomandi verða að sýna fram á þriggja ára starfsreynslu við slík skilyrði. Þessi skilyrði teljast tæpast málefnaleg og víst er að þau eru þannig fram sett, að litlar líkur eru á að störfin veki áhuga. Í auglýsingunni er gerð krafa um að umsóknir hafi borist fyrir 15. janúar. Það gefur skamman tíma til að sækja um störf og hlýtur að takmarka möguleika áhugasamra. Fyrirtækið ætlaði að hafa frestinn til 4. janúar, en það hefði þýtt að auglýsingin hefði ekki birst fyr en eftir að umsóknarfresti lauk. Það er umhugsunarefni að Vinnumálastofnun skuli taka þátt í að skrá í hinn sameiginlega gagnagrunn auglýsinga sem er augljóslega sett fram til til málamynda.

**4. Hvernig má tryggja, að þeir Evrópubúar sem svara fullnægjandi atvinnuauglýsingu frá Impregilo fái eðlilega og sanngjarna meðferð á sinni umsókn og verði ráðnir til starfa?**

Í ljósi fyrri reynslu og þess með hvaða hætti Impregilo hefur valið að auglýsa störfin á Kárahnjúkum verður ekki annað ráðið en að fyrirtækið vilji helst engar umsóknir og að ekki standi til að svara þeim umsóknum sem fyrirtækinu þó berast. Það er því ljóst, að hér er ekki farið að í samræmi við þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta felur jafnframt í sér, að þorri þeirra atvinnuleyfa sem Impregilo hefur þegar verið veitt vegna starfsmanna frá ríkjum utan EES – væntanlega um eða yfir 300 talsins – hafa verið veitt á röngum forsendum og í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Slíkt er með öllu óásættanlegt.

## Spornað verði gegn mismunun með lagasetningu

Nefnd félagsmálaráðherra, sem hafði það að meginverkefni að kanna aðstæður eldra fólks ávinnumarkaði, skilaði nýverið álit. ASÍ átti fulltrúa í nefndinni, sem var sett á laggirnar í kjölfar eftirfarandi þingsályktunar sem var samþykkt á Alþingi 15. mars 2003:

*„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmalaflokka á þingi og skili nefndin álit innan árs.“*

Nefndin leitaði fanga víða, bæði hérlendis og í nágrennalöndum. Ennfremur kannaði hún sjónarmið og framtíðarsýn ýmissa aðila og hagsmunahópa. Gerð var sérstök könnun á viðhorfum til stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði og fleira.

Hvatinn að vinnu nefndarinnar er sú tilhneiging sem margir telja sig merkja, að eldra fólk eigi undir högg að sækja á vinnumarkaði, eigi erfiðara með að fá vinnu en þeir yngri og sé jafnvel látið vikja úr störfum fyrir yngri einstaklingum. Markmiðið með vinnunni var að svara þeirri spurningu hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu í þessu sambandi.

### Tillögur og sérálit

Nefndin leggur til, að sett verði í gang 5 ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Verkefninu verði ætlað að skapa jákvæða umræðu og stuðla að viðhorfsbreytingu. Lagt er til að skipuð verði 7 manna verkefnisstjórn. Helstu verkefni hennar verði:

- að vinna sérstaklega að starfsmenntun, sí- og endurmenntun fyrir miðaldra og eldri starfsmenn á vinnumarkaði.
- Stuðla að margvíslegum rannsóknarverkefnum til að auka aðgang að tölulegum upplýsingum um stöðu hópsins
- Vinna að verkefnum til að skapa umræðu og hafa áhrif á viðhorf.

Skiptar skoðanir voru í nefndinni og um túlkun niðurstaðna og hvort rétt væri að setja sérstök lög til að sporna við mismunun vegna aldurs á vinnumarkaði. Fulltrúar ASÍ BSRB, Samfylkingar og Vinstri grænna töldu að þrátt fyrir að í starfi nefndarinnar hafi



ekki komið fram beinar eða afdráttarlausar sannanir fyrir því að eldra fólk búi við almenna eða kerfisbundna mismunun á vinnumarkaði, þá hafa komið fram ákveðnar vísbendingar sem hníga að því að fólk yfir miðjum aldri standi þar höllum fæti og því sé nauðsynlegt að styrkja stöðu þessa hóps. Þessi fulltrúar skiluhu sameiginlegur sérálit, þar sem segir m.a.:

*“Afstaða okkar til þessa máls grundvallast á þeirri sýn að allir eigi jafnan rétt til að stunda atvinnu og starf óháð aldri, kyni, kynþætti, trúarbrögðum, litarhætti eða öðrum þáttum og að hverskonar mismunun á grundvelli þessara þátta sé óásættanleg....”*

Í sérálitinu er lagt til að sett verði lög sem innleiða þá efnisþætti tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB, um bann við mismunum, sem lúta að banni við mismunum vegna aldurs. Jafnframt er hvatt til þess að tilskipunin verði innleidd í íslenska löggjöf í heild sinni. Þess má geta í þessu sambandi að ESB ríkin hafa öll skuldbundið sig til að setja reglur sem hindra mismunun á vinnumarkaði m.a. vegna aldurs. Jafnframt hafa Norðmenn sett lög um þetta efni sem byggir á umræddri tilskipun. Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir því að þau telji rétt að spegla efni tilskipunarinnar hér á landi. Með því er verið að tryggja að eldra fólk á vinnumarkaði njóti hliðstæðra réttinda og gilda annars staða á evrópskum vinnumarkaði.

[Sjá sérálitid í heild](#)

## Gjaldskrárhækkanir, skattalækkunir og kaupmáttur

Með kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í vor var stefnt að stöðugleika og öruggri kaupmáttaraukningu launa. Gengið var útrá þeirri forsendu að verðbólga þróaðist samkvæmt verðbólguþáttum Seðlabankans. Framan af ári 2004 hélt þessi forsenda en síðan í maí á síðasta ári hefur verðbólga verið yfir þessu markmiði, eða á bilinu 3,2-4,0%.

Við slíkar aðstæður er mikilvægt að stjórnvöld sýni ábyrgð í sínum ákvörðunum, m.a. gott fordæmi í verðlagsmálum og aðhald í ríkisfjármálum. Það er augljóst að miklar hækkunir á gjaldskrár opinberrar þjónustu eru ekki gott fordæmi fyrir aðra í verðlagsmálum. Sú leið sem ríkisstjórnin hefur farið í skattamálum orkar einnig tvímælis – bæði vegna tímasetningar

skattalækkana og eins vegna hugsanlegra áhrifa þeirra á velferðarkerfið og jöfnunarhlutverk skattkerfisins.

Skattalækkunir sem koma til framkvæmda einmitt á sama tíma og verðbólguþrýstingur er mikill auka líkur á þenslu og verðbólgu, sem aftur getur hæglega gert að engu markmiði kjarasamninga um kaupmáttaraukningu launa.

Ávinningur almennings af skattalækkunum fer fyrir lítið ef gjaldskrár eru hækkaðar til að vinna upp tekjutapið eins og nú virðist raunin. Slíkt stefnir velferðarkerfinu í hættu og bitnar harðast á þeim síst skyldi.

Einnig hefði verið æskilegt að skattkerfisbreytingarnar kæmu betur til móts við hagsmuni lág- og meðaltekjufólks. Flöt lækkun á tekjuskattsprósentsunni er ekki vel til þess fallin. Veruleg lækkun skattleysismarkna, lægra skattþrep á lágur tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru breytingar sem hefðu komið þeim tekjulægri að mestu gagni.